

Mánudaginn 21. júní 1954.

Nr. 17/1954. **Ólafur Bergsteinn Þorvaldsson**
 gegn
Sigríði Stefaníu Erlendsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Sérfræðingar þeir, sem rannsakað hafa blóð aðilja og barns stefnda, telja yfirgnæfandi líkur gegn því, að áfrýjandi geti verið faðir barnsins, en vilja þó ekki staðhæfa, að loku sé skotið fyrir, að áfrýjandi sé faðirinn. Er því rétt, áður en dómur er lagður á málið í Hæstarétti, að blóð sé af nýju tekið úr aðiljum og barninu og blóðúrtökin send til hæfs erlends sérfræðings, sem beðinn sé úrskurðar um það, hvort áfrýjandi geti verið faðir barnsins. Er lagt fyrir héraðsdómara að hlutast til um, að framannefnd rannsókn verði framkvæmd, ef kostur er.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að annast aðgerðir þær, sem að ofan getur.

Þriðjudaginn 22. júní 1954.

Nr. 182/1952. **Óli Haraldsson og Ragnar Sigurðsson**
 (Theodór B. Lindal)
 gegn

Valdemar Guðjónssyni (Ragnar Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1952. Krefjast þeir aðallega sýknu af öll-

um kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefjast aðaláfrýjendur lækkunar á dæmdum bótum til gagnáfrýjanda, að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjanda að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða in solidum kr. 95.359,01 með 6% ársvöxtum af kr. 39.660,00 frá 30. apríl 1950 og af eftirstöðvunum frá 1. nóvember 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna í málinu. Þar á meðal hefur Þórarinn Sveinsson læknir skoðað gagnáfrýjanda af nýju 31. f. m., og telur læknirinn ekki efni til að breyta fyrra örorkumati, sem hann framkvæmdi 20. september 1951. Þá hefur og tryggingarfræðingur sá, er getur í héraðsdómi, endurskoðað áætlun sína frá 14. nóvember 1951 um atvinnutekjumissi gagnáfrýjanda vegna breytinga á kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. desember 1951. Samkvæmt þessari nýju áætlun telur tryggingarfræðingurinn nefnt tjón gagnáfrýjanda nema kr. 100.769,00, ef miðað er við kennarakaup við gagnfræðaskóla og verkamannakaup á sumrum. Ef ekki er reiknað með sérstakri sumarvinnu, er tjón gagnáfrýjanda áætlað kr. 83.706,00 og kr. 71.438,00, ef einungis er miðað við almenna verkamannavinnu.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um skiptingu fébótaábyrgðar vegna slyss þess, er í málinu greinir.

Bætur til gagnáfrýjanda fyrir atvinnutjón og örorku þykja hæfilega ákveðnar kr. 65.000,00. Ákvörðun héraðsdóms um aðra kröfuliði þykir mega staðfesta. Ber aðaláfrýjendum því að greiða gagnáfrýjanda in solidum $\frac{4}{5}$ hluta af kr. 89.160,00, þ. e. kr. 71.328,00, að fráðregnum þeim kr. 30.000,00, er í héraðsdómi getur, eða kr. 41.328,00, ásamt vöxtum eins og

krafizt er svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 9.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Óli Haraldsson og Ragnar Sigurðsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Valdemar Guðjónssyni, kr. 41.328,00 með 6% ársvöxtum af kr. 39.660,00 frá 30. apríl 1950 til 1. nóvember 1951 og af kr. 41.328,00 frá 1. nóvember 1951 til greiðsludags svo og kr. 9.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Valdemar Guðjónsson stud. mag., til heimilis að Drápuhlíð 3 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 13. marz 1951, gegn þeim Óla Haraldssyni, Skúlaskeiði 26, Ragnari Sigurðssyni, Skerseyrarvegi 1, báðum í Hafnarfirði, og Óskari Benjamínssyni, Bergstaðastræti 45 í Reykjavík.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur á hendur þeim stefndu Óla og Ragnari, að þeir verði dæmdir til að greiða honum in solidum skaðabætur vegna bifreiðarslyss, *aðallega* að fjárhæð kr. 125.359,01, *til vara* kr. 109.285,34 og *til þrautavara* að fjárhæð kr. 106.263,87, í öllum tilvikum að frádregnum kr. 30.000,00, er þegar hafa verið greiddar. Þá hefur stefnandi krafizt 6% ársvaxta af kr. 39.660,00 frá 30. apríl 1950 til 1. nóvember 1951 og af allri hinni dæmdu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi hefur fallið frá öllum kröfum á hendur Óskari Benjamínssyni, og hann hefur engar kröfur gert í málinu.

Stefndu Óli og Ragnar hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að hinn 30. apríl 1950 var bifreiðinni G. 56, sem var eign stefnda Óla, en ekið af stefnda Ragnari, ekið á stefnanda, þar sem hann var á gangi á Reykjanesbraut, með þeim afleiðingum, að hann hlaut mikil meiðsl.

Stefnandi skýrir svo frá, að hinn 30. apríl 1950, nokkru fyrir miðnætti, hafi hann verið staddur að Ástúni við Nýbýlaveg og haldið þaðan til Reykjavíkur. Hafi hann ætlað að taka sér far með strætisvagni og fara í vagninn á mótum Nýbýlavegar og Reykjanesbrautar. Hann hafi hins vegar ekki náð vagninum og farið því yfir veginn þar og haldið áleiðis til Reykjavíkur gangandi. Veður var

illt, slyddurigning og stormur. Kveðst stefnandi hafa gengið á vinstri vegarbrún á malborna hluta vegarins, en svo hagar til þarna, að akbrautin er malbikuð, en utan hennar er um 2 m breiður malborinn stigur. Umferð hafi verið allmikil eftir veginum. Er hann hafi verið kominn upp í brekkuna í Fossvogi, hafi bifreið verið ekið fram hjá honum og hafi ökumaðurinn gefið hljóðmerki. Ekkert kveðst stefnandi hafa þurft að færa sig til á veginum vegna þessarar bifreiðar, en ökumaðurinn muni hafa gefið hljóðmerki af því, að hann hafi þekkt sig. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa orðið var við bifreið á eftir sér og litið um öxl til hægri eða snúizt í hálfhring, en í því hafi bifreiðinni verið ekið á hann og hann misst meðvitund.

Ökumaður G. 56, stefndi Ragnar, hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn haft bifreiðina að láni hjá stefnda Óla og verið á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Hafi hreyfill bifreiðarinnar verið í þriðja ganghraðastigi, en hann hafi samt ekið hægt. Hann hafi ekið á vinstra vegarhelmingi, en á malbikaða vegarhlutanum. Er hann hafi verið kominn í brekkuna fyrir norðan Fossvoginn, hafi hann séð bifreið koma á móti sér á Öskjuhlíðarbrúninni með sterkum ljósum. Fjarlægðin hafi þó verið það mikil, að ljósin hafi ekki truflað hann, en hann hafi skipt ljósum sinnar bifreiðar þannig, að lægri geislinn var tendraður. Rétt áður en hann mætti bifreið þessari, hafi hann allt í einu séð mann á veginum fast fyrir framan bifreiðina, heldur nær miðju hennar en sjónlína hans (stefnda). Kveðst stefndi þá hafa hemlað samstundis og bifreiðin stöðvazt þegar, en þar sem svo skammt hafi verið að manningnum, hafi hann rekizt á bifreiðina og fallið í götuna, en bifreiðin hafi ekkert farið yfir hann. Er bifreiðin var stöðvuð, kveðst stefndi þegar hafa farið út úr henni vinstra megin. Hafi þá maður sá, er bifreiðin rakst á og síðar reyndist vera stefnandi, legið á veginum um hálfan metra fyrir framan bifreiðina aðeins vinstra megin við miðju hennar. Hafi höfuð hans snúið í áttina til bæjarins og hann legið inni á malbikaða hluta vegarins, um einn til einn og hálfan metra frá brún þess vegarhluta. Þá kveðst stefndi ásamt farþegum sínum hafa tekið stefnanda upp til að flytja hann út á brún vegarins og forða honum frá umferðinni. Í því hafi maður, sem kom þarna að í bifreið, kallað til þeirra að láta stefnanda vera, og hafi þeir þá lagt hann á malborna hluta vegarins við vinstri hlið bifreiðarinnar. Síðan hafi einn maður verið skilinn eftir hjá stefnanda, en stefndi ók til bæjarins til að fá sjúkrabifreið og tilkynna lögreglunni um slysið.

Í umrætt sinn voru fjórir farþegar í G. 56.

Eiríkur Garðar Sigurðsson sat í aftursæti bifreiðarinnar vinstra megin. Hefur hann skýrt svo frá fyrir dómi, að á leiðinni frá Hafnarfirði hafi stefndi ekið með „skikkanlegum“ hraða, varla yfir 40 km hraða á klst. Er bifreiðin hafi verið stödd rétt norðan við kirkjuna í Fossvogi, hafi ökumaðurinn verið mikið búinn að hægja á bifreið-

inni, og hafi hann ekið á malbikaða hluta vegarins. Rétt í því, að þeir hafi verið að mæta bifreið af svonefndri „jeep“-gerð, kveðst vitni þetta hafa séð mann fyrir framan bifreiðina, og virtist hann snúa hægri hliðinni að bifreiðinni. Ökumaðurinn hafi þegar hemlað og stöðvað bifreiðina, en árekstur samt orðið. Þá kveðst vitnið hafa farið út, og hafi þá hinn slasaði maður legið á bakinu um hálfan metra fyrir framan bifreiðina, langsum eftir veginum. Hafi fæturnir vísað að bifreiðinni, en höfuðið í áttina til Reykjavíkur, þó aðeins til vesturs. Hann hafi legið á malbikaða hluta vegarins aðeins til vinstri fyrir framan miðju bifreiðarinnar. Kveðst vitni þetta ásamt öðrum farþega hafa tekið manninn upp og ætlað að láta hann inn í bifreiðina, en í því hafi komið að maður, er hafi sagt þeim að gera þetta ekki, og hafi þeir þá lagt hann á malborna hluta vegarins við hlið bifreiðarinnar.

Ingólfur Hafsteinn Sveinbjörnsson, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar, kveðst ekki hafa orðið stefnanda var, fyrr en stefndi Ragnar snögghemlaði, og hafi bifreiðin stöðvazt þegar. Kveðst maður þessi þá þegar hafa farið út, og hafi stefnandi þá legið þversum á veginum fyrir framan bifreiðina, og hafi fæturnir frekar vísað að bifreiðinni. Hann hafi legið á malbikaða hluta vegarins um einn og hálfan metra frá brún hans. Kveðst maður þessi ásamt Eiríki Garðari hafa tekið stefnanda upp og ætlað að færa hann inn í bifreiðina, en það hafi maður, er þarna hafi komið, bannað. Hafi þeir þá lagt stefnanda niður fyrir utan malbikuðu brautina.

Halldóra Guðmundsdóttir, er sat í miðju aftursæti bifreiðarinnar, hefur talið, að bifreiðinni hafi verið ekið með venjulegum hraða og ökumaðurinn hafi eitthvað verið búinn að hægja á bifreiðinni, áður en slysið varð. Bifreiðinni hafi verið ekið á malbikaða hluta vegarins. Stúlka þessi kveðst ekki hafa séð stefnanda fyrir slysið og hefur ekki getað skýrt frá því, hvernig afstaða var, er bifreiðin var stöðvuð, en tveir farþeganna hafi tekið hinn slasaða mann upp og flutt hann eitthvað til.

Stúlka, er sat við hlið stefnda Ragnars, hefur ekki getað neitt skýrt frá málsatvikum, þar sem hún sá stefnanda ekki fyrir slysið og fór ekki út úr bifreiðinni, er hún var stöðvuð.

Um þetta leyti var maður að nafni Páll Einarsson í bifreiðinni G. 1164 á leið frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Hefur hann skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekið hægt, því að skyggni hafi verið mjög slæmt. Er hann hafi verið kominn rétt að Fossvogskirkju, hafi hann séð bifreið koma á móti á hægri ferð. Rétt áður en hann mætti þessari bifreið, hafi hann séð mann í dökkum fötum á veginum um 6 til 8 metrum fyrir framan bifreið þessa. Hafi maður þessi verið eitthvað inni á malbikaða hluta vegarins á móts við miðju framenda G. 56 og snúið andlitinu að þeirri bifreið. Þá kveðst vitni þetta hafa litið augnablik af manninum, en er hann leit þangað aftur, hafi G. 56 verið stöðvuð. Hafi hann þá einnig stöðvað sína bifreið og

farið út úr henni. Hafi hinn slasaði þá legið framan við G. 56, heldur til vinstri við hana, á mótum malbikaða og malborna hluta vegarins, en G. 56 hafi verið öll á malbikaða hlutanum. Einhverjir hafi þá tekið hinn slasaða upp, en þá hafi einhver kallað, að þetta skyldu þeir ekki gera, og hafi þeir þá lagt manninn niður.

Eiginkona Páls Einarssonar var með honum í bifreiðinni í umrætt sinn. Segir hún, að er hún sá slasaða fyrst, hafi hann verið á veginum og borið á milli ljósa G. 56, en ekki hefur hún treyst sér til að segja um, hvort hann var á malbikaða eða malborna hluta vegarins. Kona þessi fór ekki út úr bifreiðinni eftir slysið, en telur, að hinn slasaði hafi legið á veginum aðeins vinstra megin við miðju G. 56.

Um þetta leyti var Henry Fredrik Wilhelm Zebitz á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur í bifreið sinni. Kveðst hann hafa ekið með um 30 km hraða miðað við klst. Er hann hafi verið staddur móts við Hraunsholt við Reykjanesbraut, hafi bifreiðinni G. 56 verið ekið fram hjá honum, en hún hafi einnig verið á leiðinni til Reykjavíkur. Er G. 56 hafi verið í byrjun brekkunnar fyrir sunnan kirkjuna í Fossvogi, hafi henni verið snögghemlað, og hafi þá verið um 200 m á milli bifreiðanna. Kveðst hann þá hafa ekið fram fyrir G. 56 og stanzað þar og farið út úr bifreiðinni. Þá hafi G. 56 staðið um hálfan metra inni á malbikaða vegarhlutanum, en fyrir framan hana á malborna vegarhlutanum hafi legið maður. Hafi hann legið um hálfan metra frá brún malbikaða vegarhlutans. Menn, er þarna hafi verið, hafi tekið hinn slasaða upp og ætlað að setja hann inn í bifreiðina, en því kveðst vitni þetta hafa mótmælt, og hafi þeir þá lagt manninn niður aftur.

Maður, er ók fram hjá stefnanda við neðra horn kirkjugarðsins í Fossvogi, kveðst hafa ekið á brún malbikuðu brautarinnar, og hafi þá verið nokkurt bil á milli hans og stefnanda, er hafi gengið á malborna vegarhlutanum.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi Ragnar eigi einn alla sök á slysi þessu með ógætilegum akstri. Beri hann því bótaábyrgð á tjóni því, er af hafi hlotizt, svo og eigandi bifreiðarinnar, stefndi Óli.

Stefndu, sem hafa ekki mótmælt því, að stefndi Ragnar eigi nokkurn þátt í slysi þessu, byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi þegar fengið bætt tjón sitt að svo miklu leyti sem þeim beri að bæta það. Hann eigi meginsök á slysinu. Sannað sé, að hann hafi gengið inni á malbikaða hluta vegarins, en slíkt sé óheimilt og mjög gálauslegt, sérstaklega þegar þess sé gætt, hve skyggni var slæmt. Þá hafi stefnandi verið í dökkum fótum án nokkurra hvítra einkenna og því sézt mjög illa. Slíkt sé óvarlegt, er farið sé eftir fjölförnum vegum í náttmyrkri og illviðri.

Af ákærvaldsins hálfu var mál höfðað gegn stefnda Ragnari vegna slyss þessa. Með dómi, upp kveðnum í sakadómi Hafnarfjarðar 6. júní sl., var hann með framferði sínu í umrætt sinn talinn

hafa gerzt brotlegur við 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, nr. 23 frá 1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna, nr. 24 frá 1941, 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 219. gr. hgl.

Við slysið hlaut stefnandi opið brot á hægri fæti, nokkru fyrir neðan miðjan legg. Þá hlaut hann heilahristing og nokkur meiðsl á höfði.

Bifreiðin G. 56 er af svonefndri Ford-gerð, smíðuð árið 1947. Hún má flytja fimm farþega. Stýri hennar er vinstra megin. Við slysið urðu engar skemmdir á bifreiðinni nema þær, að lítil dæld kom í vélarhlífina vinstra megin.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað staðhætti alla.

Af því, sem að framan er rakið um atvik að slysi þessu, er ljóst, að stefndi Ragnar hefur ekki sýnt þá aðgæzlu og varkárni við aksturinn, sem krefjast verður af ökuhönnuðum í þeim aðstæðum, sem hér voru. Á hann því meginsök á, hvernig fór. Þegar virtir eru vitnaframburðir þeir, sem að framan eru raktir, um stöðu stefnanda á veginum fyrir slysið, hvar hann lá eftir það, hvar bifreiðinni G. 56 var ekið og hvar hún skemmdist, þá verður að telja sannað, að stefnandi hafi gengið eitthvað inni á hinum malbikaða hluta vegarins. Slíkt var mjög óvarlegt af honum, eins og á stóð, enda óþarft, þar sem malborni vegarhlutinn er einkum ætlaður fótgangendum. Með vísan til þessa verður að telja, að stefnandi eigi einnig nokkra sök á, hvernig fór.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt að telja stefnda Ragnar eiga $\frac{1}{4}$ hluta sakar á slysi þessu, en stefnanda $\frac{1}{4}$ hluta. Samkvæmt ákvæðum 1. og 3. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna ber því stefndu að bæta stefnanda $\frac{1}{4}$ hluta þess tjóns, sem stefnandi hefur beðið af slysi þessu.

Aðalkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnutjóns- og örorkubætur	kr. 85.699,01
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	— 25.000,00
3. Sjúkrakostnaður	— 12.660,00
4. Bætur fyrir fataskemmdir.	— 2.000,00

Kr. 125.359,01

Frá þessari fjárhæð beri hins vegar að draga kr. 30.000,00, sem greiddar hafa verið af váttryggingarfélagi því, sem bifreiðina vátryggi.

Varakröfu sína reiknar stefnandi þannig, að hann telur tjónið samkvæmt 1. lið kr. 69.225,34, en aðra kröfuliði óbreytta, eins og í aðalkröfunni greinir.

Prautavarakröfu sína miðar stefnandi hins vegar við, að tjónið samkvæmt 1. lið sé kr. 66.603,87, en aðrir kröfuliðir eins og um aðalkröfuna greinir.

Um 1. Strax eftir slysið var stefnandi fluttur á Landspítalann. Hafði hann hlotið opið brot á hægri fótlegg nokkru fyrir neðan miðju. Var 5—6 sm langur skurður utan til á fótleggnum, þar sem beinendi hafði stungizt út, og annar álika langur skurður innanverðu á leggnum, þar sem annar beinendi hafði stungizt út. Voru bæði sköflungur og sperrileggur skábrotnir, og lágu beinendarnir mjög á misvíxl. Læknir sá, er veitti stefnanda móttöku, taldi fótinn bera þess ótvíræð merki, að ekið hefði verið yfir hann. Þá hafði stefnandi hlotið allstóra kúlu aftan á höfði og lítils háttar sprungu á skinninu þar. Gert var að meiðslum stefnanda á venjulegan hátt, en sárin og brotin greru mjög seint. Hinn 19. maí 1950 var framkvæmd á stefnanda skurðaðgerð til að setja brotin saman. Þar sem brotin vildu samt eigi gróa, var gerð önnur skurðaðgerð hinn 11. sept. 1950. Hinn 3. febrúar 1951 lýsir dr. Snorri Hallgrímsson læknir svo ástandi stefnanda:

„Brotið virðist nú gróið, og sj. er farinn að ganga, en er enn mjög haltur og er enn ófær til gangs úti við. Nokkur stirðleiki er enn í hné og öklalið, og vöðvakrafti er enn mjög ábótavant. Nokkur sveigja er á h. fótlegg aftur á við. H. fótleggur er um $1\frac{1}{2}$ sm styttri en sá vinstri. Kálfinn h. megin er mjög rýr, og nokkur bjúgur er um öklann, sem vex, er sj. er á fótum. Ör sjást eftir áður umgetin sár svo og langt, vel gróið ör framan á sköflungnum eftir skurðaðgerð.

Sj. liggur enn á IV. d. Landspítalans, en verður útskrifaður eftir nokkra daga.

Hann er enn algerlega óvinnufær, og allar líkur eru til þess, að hann verði ófær til allrar erfiðisvinnu næstu sex mánuði.“

Stefnandi fór af Landspítalanum hinn 7. febrúar 1951. Hinn 14. apríl 1951 byrjaði hann í nuddi hjá Kristjáni lækni Hannessyni og gekk til hans þar til í ágústmánuði s. á. Í vottorði læknis þessa, dags. 8. sept. 1951, segir svo:

„Hægri fótur og fótleggur oedematös, létt cyanotiskur, kaldur og sveittur, sjl. gekk haltur við staf. Utan á legg yfir peroneum er ca. 5 sm langt ör, liggur axíalt, mjög aumt viðkomu. Eftir leggnum að framan svo að segja endilöngum er ör eftir skurð, sem beygist í boga að ofan og neðan. Rétt fyrir neðan hann er smáhola, mjög aum viðkomu.

Fótleggur allur rýrari en v. megin.

Nú er örið utan á legg grynna en áður, þó aumt viðkomu. Örið framan á legg eðlilegt. Holan neðan við örið aum við þrýsting. Kálfi h. megin 3 sm rýrari en v. megin, eins er rýrnun á vöðvum h. megin fyrir ofan hné.

Vöðvakraftur minnkaður h. megin, bæði plantarflexion og dorsal-flexion. Sjl. getur ekki staðið á tánum á h. fæti. Húð á legg og fæti eðlileg, og sjl. hreyfir fót eðlilega, enda þótt kraftur sé minnkaður, þó virðist fótur við gang vísa meir inn á við en talið er normalt.

Sjl. gengur staflaust, en stingur við.“

Dá segir sami læknir í vottorði, dags. 26. okt. s. á.:

„Aftan á kálfa h. megin er kvos sem næst þversum yfir kálfa sem næst miðju. Virðist sem einhver þungur hlutur hafi þar farið yfir gangliminn.“

Hinn 20. sept. 1951 skoðaði Þórarinn læknir Sveinsson stefnanda og mat örorku hans. Við skoðun fann læknir þessi nokkra rýrnun á upphandleggsvöðvum hægri handlegs. Kvartaði stefnandi yfir því, að hann væri aflminni í þeim handlegg og hönd eftir slysið. Þá kvartaði stefnandi um eymsli í hægri brjóstvöðvanum, en læknirinn fann enga orsök til slíks. Segir svo í vottorði læknis þessa: „Við athugun á ganglimum sjást æðahnútar á vinstri fótlegg. Við hægri ganglim var þetta að athuga: Stytting mælist um 1,5 sm. Ganglimurinn er enn þá dálítið rýrari en tilsvarendi v. megin. Innanvert og framanvert á fótleggnum er ör eftir skurðaðgerð um 25 sm á lengd í boga inn á við. Ca. 12 sm frá öklaliðnum innanleggs er 4 sm langt ör innan við skurðörið og í sömu stefnu (axis). Annað ör utanleggs og örlítið ofar ca. 6 sm á lengd í sömu stefnu og hin fyrri örin. Þetta ör er með djúpum bandvefsstreng niður í undirliggjandi vöðvalög og hefur þannig valdið nokkurri hreyfingarhindrun, enda þreytist slasaði mjög fljótt við gang. Engin veruleg missemið sjást þar, sem beinendar mætast. Hreyfing í hnéliðum er eðlileg, en lítið eitt hindruð í öklaliðnum af stirðleika vöðvanna uppi á fótleggnum. Reflexar eru eðlilegir, en þó fremur í daufara lagi.“

Örorku stefnanda mat læknirinn þannig:

„Fyrir 10 mánuði fyrst eftir slysið.....	100%	örorka
— 2 mánuði þar á eftir	80%	—
— 2 — — —	65%	—
— 2 — — —	50%	—
— 1 — — —	35%	—

Úr því má áætla hæfilega örorku 25% um tveggja mánaða skeið og 15% örorku um aðra 2 mánuði þar á eftir. Úr því 10% varanleg örorka.“

Í örorkumati þessu er ekki tekið tillit til fyrrgreindrar rýrnunar á hægri upphandlegg, þar sem læknirinn taldi ekki öruggt, að rýrnunin væri afleiðing slyssins.

Hinn 12. október 1951 rannsakaði Kjartan R. Guðmundsson læknir stefnanda. Segir svo í vottorði hans, sem dags. er sama dag:

„1) Létt rýrnun á h. biceps.

2) — — á h. m. pectoralis.

3) Minnkaður kraftur í h. biceps (pars clavicularis).

Ekki veruleg parsea í m. pectoralis.

4) Minnkað húðskyn á h. handlegg, svarandi ca. til C 7—8.

Að öðru leyti eðlileg neurologisk skoðun (nema sensibilitets-truflanir á h. fæti eftir operation).

Álit: Einkenni sjúkl. benda á áverka á plexus brachialis dext. Það er líklegast, að það sé afleiðing slyssins. Batahorfur eru ágætær.“

Að ósk umboðsmanna aðilja var málið lagt fyrir Læknaráð. Var óskað álits ráðsins um þessi atriði:

- 1° Hvort rýrnun á hægri upphandlegg stefnanda sé sennileg afleiðing af slysi því, er hann varð fyrir 30. apríl 1950.
- 2° Verði svo talið, hver sé þá örorka stefnanda, þar með talin framtidarörorka hans, af fyrrgreindu slysi.
- 3° Hvort ætla megi af gögnum þeim, sem fyrir liggja, að hjól bifreiðar hafi farið yfir hægri fót stefnanda í umrætt sinn.

Hinn 31. maí 1952 svaraði réttarmáladeild Læknaráðs spurningum þessum. Var fyrstu spurningunni svarað játandi, en fallið á örorkumat Þórarins læknis Sveinssonar frá 21. sept. 1951. Hins vegar taldi Læknaráð ekki unnt eftir þeim gögnum, sem fyrir lögju, að segja um, hvort hjól bifreiðarinnar hefði farið yfir fótlegg stefnanda.

Stefnandi var 49 ára að aldri, þegar slysið varð. Hann lauk stúdentsprófi 1937 og hefur síðan á árinu 1939 stundað nám við Háskóla Íslands. Kveðst stefnandi hafa unnið á sumrum venjulega verkamannavinnu og hafa ætlað að taka kennarapróf í íslenskum fræðum um vorið 1950. Af því hafi ekki orðið vegna slyssins og hann hafi enn eigi getað lokið prófinu.

Hinn 14. nóv. 1951 fékk stefnandi sérfróðan mann um tryggingarmál til að reikna út fjárhagstjón sitt vegna slyss þessa miðað við örorkumat Þórarins Sveinssonar læknis. Taldi sérfræðingur þessi tjón stefnanda kr. 85.699,01, ef hann hefði starfað sem fastur kennari við gagnfræðaskóla frá 1. sept. 1950 og unnið venjulega verkamannavinnu á sumrum. Er aðalkrafa stefnanda við það miðuð. Væri hins vegar ekki reiknað með sérstakri sumarvinnu, næmi tjónið kr. 69.625,34, og er varakrafa stefnanda við það miðuð. Ef stefnandi hefði stundað almenna verkamannavinnu frá 1. maí 1950, taldi sérfræðingurinn, að tjónið næmi kr. 66.603,87, og er þrautavarakrafa stefnanda við það miðuð.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfum stefnanda sem allt of háum.

Stefnandi er ókvæntur og hefur engan á framfæri sínu. Þegar virtir eru hagir stefnanda, atvinnumöguleikar hans og örorka svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að telja tjón hans að þessu leyti kr. 55.000,00.

Um 2. Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum stefnanda og sjúkrasaga hans rakin. Þegar allt þetta er virt, þykir hæfilegt að telja tjón hans samkvæmt þessum lið 14.000,00 kr.

Um 3. Stefndu hafa lagt fram gögn fyrir þessum kröfulið.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem of háum. Hafa þeir bent á, að stefnandi hafi legið lengi í sjúkrahúsi og krefji nú um endurgreiðslu á fæðis- og dvalargjaldi þar. Hann hafi hins vegar sparað sér fæði og annan framfærslukostnað, meðan hann dvaldist þarna. Þá hafa stefndu bent á, að stefnandi hafi ekki verið í sjúkra-

samlagi og því orðið sjálfur að greiða allan sjúkrakostnað sinn.

Ekki verður fallið á, að það skipti máli í þessu sambandi, þótt stefnandi hafi ekki verið í sjúkrasamlagi. Hins vegar þykir rétt að lækka þennan lið nokkuð, þar sem stefnanda spöruðust veruleg framfærsluútgjöld, meðan hann lá á sjúkrahúsinu. Verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 8.160,00.

Um 4. Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem of háum.

Ljóst er, að fót stefnanda hafa spillt við slysið, og þar sem kröfu-lið þessum þykir í hóf stillt, verður hann tekinn til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessu verður tjón stefnanda talið kr. 79.160,00 (55.000,00 + 14.000,00 + 8.160,00 + 2.000,00). Samkvæmt framan-greindu ber stefndu að bæta $\frac{1}{4}$ hluta þess eða kr. 63.328,00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga þær kr. 30.000,00, er þegar hafa verið greiddar.

Málalok verða því þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða in-solídum kr. 33.328,00 með 6% ársvöxtum, er reiknast frá 1. nóv-ember 1951. Þá greiði stefndu stefnanda málskostnað, er þykir hæfi-lega ákveðinn kr. 4.000,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Óli Haraldsson og Ragnar Sigurðsson, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Valdemar Guðjóns-syni, kr. 33.328,00 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 4.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. júní 1954.

Nr. 4/1953. **Jón Þorsteinsson** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kaupfélagi Borgfirðinga

(Vilhjálmur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. desember